

Gunnari, er kaupsamningurinn 23. apríl 1930 var gerður, getur skiptarétturinn ekki tekið til greina, þegar af þeirri ástæðu, að lagaheimild virðist eigi vera til fyrir því, að veðsetja megi veiðarfæri sem fylgifé með skipum, en auk þess hefir kröfuhafinn ekki sýnt fram á, eða upplýst, hvaða veiðarfæri hafi fylgt bátnum er bú þetta var tekið til skiptameðferðar.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ber að úrskurða Þorvaldi Friðfinnssyni veðrétt sem fasteignaveð væri fyrir eftirstöðvum af skuldakröfu hans í  $\frac{1}{2}$  andvirði vélbátsins Gunnar, er var seldur á uppboði 10. apríl 1931 fyrir kr. 5100.00 og er nettó andvirði hans kr. 4539.00.

---

Föstudaginn 31. maí 1935.

Nr. 89/1934. **G. A. Sveinsson f. h. Halldórs Guðmundssonar** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Pálma Loftssyni f. h. skipaútgerðar ríkisins** (Sveinbjörn Jónsson).

Eftirstöðvar sildarverkunarlauna.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. maí 1934:* Stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, skal vera sýkn af kröfum G. A. Sveinssonar f. h. Halldórs Guðmundssonar í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3482.60 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1932 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Það verður ekki litið svo á, að Halldór Guðmundsson hafi afsalað sér nokkurri kröfu á hendur Skipaútgerð ríkisins með samkomulagi sínu við Þormóð Eyjólfsson um það, að Sildareinkasalan borgaði út sildarverkunarlaun samkvæmt samningnum frá 13. júní 1931, og gat Halldór því, hvenær sem greiðslan frá Sildareinkasölunni brást, haldið sér að Skipaútgerðinni. Fyrir hæstarétti hefir því ekki verið hreyft, að Halldór hafi spillt þessum rétti sínum eða gert Skipaútgerðinni tjón með afhendingu sildarinnar til Sildareinkasölnnar, enda þótt hún greiddi ekki verkunarlaunin að fullu, né heldur eru sönnur færðar á það gegn mótmælum Halldórs, að hann standi í sök við Sildareinkasöluna eða Skipaútgerð vegna skemmda í sild þeirri, er hann hafði afhent einkasölunni, enda engin ákveðin krafa byggð á því atriði í málinu.

Með því að Halldór Guðmundsson átti áður nefnda kröfu á hendur Skipaútgerð ríkisins, þá brast hana heimild til þess að vísa honum um greiðslu hennar til Sildareinkasölnnar, sem þá var tekin til gjaldþrotameðferðar. Lýsing kröfunnar í þrotabú Sildareinkasölnnar skapar ekki heimild til handa Skipaútgerð ríkisins til að telja sig þar með lausa við skuldina, því að í þeirri aðgerð Halldórs felst ekki annað eða meira en það, að hann vill tryggja það, að hann fengi einhverja greiðslu úr þrotabúinu, ef nokkurs væri þaðan að vænta, og ef svo kynni að fara, að Skipaútgerðin yrði sýknuð af kröfu hans. Gegn neitun stefnda er það að visu ósannað, að Halldór hafi mótmælt bréfinu frá 4. jan. 1932, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, eða krafið Skipaútgerðina um greiðslu kröfunnar frá því er bréf hans 10. nóv. 1931 kom til Skipa-

útgerðarinnar og þar til mál þetta var höfðað, en það verður þó ekki talið, að hann hafi fallið frá, eða gefið Skipaútgerðinni heimild til að ætla, að hann hafi þar með fallið frá kröfu sinni á hendur henni. Og sérstaklega virðist sem Skipaútgerðinni mætti hafa verið það ljóst, þar sem hún vísaði honum til fyrirtækis, er þá nýlega hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt því, sem sagt hefir verið, verður að dæma Skipaútgerð ríkisins til að greiða hina umstefndu upphæð, kr. 3482.60. Í sýknukröfu stefndu teljast og falin mótmæli gegn vaxtakröfunni, og verða vextir því eigi dæmdir hærri en 5% á ári og eigi frá fyrri tíma en útgáfudegi gestaréttarstefnunnar, 21. sept. 1933.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarétti með 300 krónum.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði áfrýjanda, G. A. Sveinssyni, f. h. Halldórs Guðmundssonar, kr. 3482.60 með 5% ársvöxtum frá 21. sept. 1933 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði falli niður, en fyrir hæstarétti greiði stefndi áfrýjanda 300 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með samningi dags. 13. júlí 1931 tókst Halldór Guðmundsson útgerðarmaður á Siglufirði á hendur fyrir Skipaútgerð ríkisins verkun á sild, er varðskipið „Þór“ aflaði á þessari sildarvertíð með þeim skilmálum, að verkunarlaunin voru ákveðin kr. 4.50 fyrir hverja tunnu venjulegrar saltsildar, miðað við 90 kg. af nettóvígt, en fyrir kryddaða og sérverkaða sild það verð, sem sildareinkasalan greiddi pr. tunnu, en það var sem hér segir: Fyrir hreinsaða sild kr. 8.75 á tunnu, fyrir kryddaða og sykursaltaða sild kr. 6.75 á tunnu og fyrir Þýzkalandsverkaða sild kr. 8.75 á tunnu. Grófsöltuð var sild í 1130 tonnur, hreinsuð í 10 tonnur, krydduð og sykursöltuð í 1186 tonnur og Þýzkalandsöltuð í 484 tonnur. Námu þá verkunarlaunin samtals kr. 17413.00. Skyldu  $\frac{2}{3}$  hlutar þeirra greiðast vikulega, en  $\frac{1}{3}$  hluti jafnóðum og sildin var afhent sildareinkasölu, nema aðfinnslur hefðu komið fram um gæði sildarinnar, sem gætu leitt af sér skaðabótaskyldu fyrir saltandann. Kveðst nefndur Halldór hafa fengið greiddar kr. 13930.40 af verkunarlaunum eða 80% og standi þá eftir kr. 3482.60, sem Skipaútgerðin hafi verið ófáanleg til að greiða.

Nú hefir Gústaf Sveinsson hrm. hér í bæ f. h. nefnds Halldórs Guðmundssonar höfðað mál þetta fyrir gestaréttinum eftir heimild í tilgreindum samningi, með utanréttarstefnu dags. 21. sept. f.á., gegn Pálma Loftssyni, framkvæmdastjóri f. h. Skipaútgerðar ríkisins og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér fyrgreindar verkunarlaunaeftirstöðvar kr. 3482.60 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1932 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og riflegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Byggir stefndur sýknukröfuna fyrst og fremst á því, að ákvæðum fyrrgreinds samnings hafi verið breytt með siðar gerðum munnlegum samningi á þá leið, að stefnandi slepti tilkalli sínu á hendur Skipaútgerðar ríkisins fyrir umræddum verkunarlaunum, en fengi í staðinn framselda kröfu Skipaútgerðarinnar á Sildareinkasölu Íslands til verkunarlaunanna. Bendir stefndur þessu til stuðnings á

það, að stefnandi hafi eingöngu krafist Sildareinkasöluna um greiðslu, þar til þröngt fór að verða í búi hjá henni, þá fyrst hafi hann farið að ympra á því, að hann myndi krefja Skipaútgerðina um eftirstöðvar verkunarlaunanna.

Þá telur stefndur, að stefnandi hafi með athafna- eða aðgerðarleysi af sinni hálfu og athöfnum, sem ekki hafi getað samrýmt því, að hann teldi sig eiga rétt til greiðslu verkunarlaunanna hjá Skipaútgerðinni, fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þeirra hjá henni.

Loks heldur stefndi því fram, að nokkuð af sild þeirri, er stefnandi hafi verkað og afhent Sildareinkasölunni, þar á meðal sumt af Þórssildinni, hafi verið skemmt og beri stefnandi ábyrgð á skemmdunum og eigi einkasalan því skaðabótakröfu á hendur honum vegna þeirra, og nemi skaðabæturnar miklu hærri upphæð en hinn umstefndu kröfu. Telur stefndur sig geta komið skaðabótakröfum að til skuldajafnaðar í málinu við hina umstefndu skuld og krefst sýknu á þeim grundvelli, verði framangreindar varnarástæður hans ekki teknar til greina.

Stefnandi hefir mótmælt öllum framangreindum varnarástæðum stefnds og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Í málinu hefir maður sá, Þormóður Eyjólfsson, sem gerði f. h. Skipaútgerðarinnar, samning þann, sem út af er stefnt við stefnanda, verið kvaddur sem vitni. Hefir hann borið það, að strax eftir að samningurinn var gerður hafi það orðið að samkomulagi milli hans, stefnanda og Sildareinkasölnnar, að stefnandi tæki sjálfur verkunarlaunin hjá henni án milligöngu Skipaútgerðarinnar, og það virðist in confesso í málinu að stefnandi hafi fengið það af verkunarlaununum, sem þegar er greitt, beint frá Sildareinkasölunni.

Þá er ekki gegn mótmælum stefnds sannað, að stefnandi hafi fyrr en til máls þessa kom hreyft nokkrum atugasemdum við Skipaútgerðina út af umræddu bréfi dags. 4. jan. 1932, er hún skrifaði honum sem svar við því, að stefnandi hefði þá krafist hana um greiðslu eftirstöðva verkunarlaunanna. En efni bréfs þessa er á þá leið, að Skipaútgerðin telur, að samkvæmt samningi við Þormóð Eyjólfsson, eigi stefnandi að gera verkunarlaunin upp við Sildareinkasöluna og sé krafan henni, Skipaútgerðinni, því óviðkomandi.

Loks er viðurkennt af stefnanda, enda upplýst í málinu, að hann hafi lýst hinni umstefndu kröfu í bú Síldareinkasöglunnar sem sinni skuld og án nokkurs fyrirvara.

Með því, sem að framan er greint, þykja nægilegar líkur framkomnar fyrir því, að svo hafi verið um greiðslu verkunarlaunanna samið, sem stefndur heldur fram og á stefnandi þá ekki aðgang að honum um greiðslu þeirra og ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

---

Mánudaginn 3. júní 1935.

Nr. 142/1934. **Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir** (Geir Pálsson)

gegn

**Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjar-  
sjóðs og bæjarstjórnar Reykjavíkur  
og gagnsök** (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskuldir. Skaðabótakrafa af hendi áfrýjenda eigi tekin til greina.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1934:* Aðalstefnd Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir greiði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði aðalstefnanda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs kr. 2425.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 437.50 frá 1. júní 1929 til 1. sept. s. á., af kr. 875.00 frá þeim degi til 1. júní 1930, af kr. 1375.00 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1875.00 frá þeim degi til 1. júní 1931, af kr. 2150.00 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 2425.00, frá þeim degi til 1. jan. 1932 og loks 12% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 150.00 í málskostnað í aðalsök.